



Nefndarsvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
[nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)

Reykjavík, 10. júní 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 596. mál.**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „**SI eða Samtökin**“) fengu stjórnarfrumvarp um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað), 596. mál til umsagnar. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011 sem og lögum um aukatekjur ríkisins nr. 88/1991. Helstu breytingar frumvarpsins er að heimila að veita smærri brugghúsum, handverksbrugghúsum, smásölu á áfengu öli á framleiðslustað.

SI eru því fylgjandi að íslenskum framleiðendum sé gert kleift að selja framleiðslu sína beint til neytenda og að reglur standi ekki í vegi fyrir því nema af brýnni nauðsyn. Samtökin taka undir mikilvægi aðgerða sem eru til þess fallnar að styrkja atvinnufrelsi og jafna stöðu fyrirtækja með hliðsjón af stjórnarskrárvörðum réttindum þeirra. Samtökin styðja því að frumvarpið verði að lögum en eru jafnframt hlynnt frekari útvíkkunum á heimild til slíkrar sölu sem mismunar ekki framleiðendum innbyrðis eins og fram kom í umsögn samtakanna um frumvarpið í Samráðsgátt stjórnvalda (sjá [hér](#)).

Samtökin ítreka að þau telji mikilvægt að sambærilegar heimildir verði veittar til handverksbrugghúsa sem framleiða sterkara áfengi en sem nemur 12% af hreinum vínanda og/eða þeirra er gerja öl úr öðru en möltuðu og ómöltuðu korni. Samtökin leggja jafnframt áherslu á sjónarmið sín um að heppilegra væri að heimildin miðaði við sölumagni á framleiðslustað fremur en heildarframleiðslumagn. Myndi það fyrirbyggja mögulega neikvæða hvata í rekstri þeirra framleiðenda sem heimildin nær annars til.

Virðingarfyllst,

Gunnar Sigurðarson,  
viðskiptasjóni á iðnaðar- og hugverkasviði